

Reykjanesbær - Umhverfissvið
Guðlaugur H Sigurjónsson
Tjarnargata 12
230 Reykjanesbær

Mál 2020.03.116
26. júní 2020

Efni: Ósk um heimild fyrir aðkomuveg að nýju tengivirki á Njarðvíkurheiði

Landsnet vinnur að styrkingu flutningskerfis raforku á Reykjanesi og einn liður í því átaki er að byggja nýtt tengivirki á Njarðvíkurheiði. Nú er unnið að forhönnun tengivirkisins og áform Landsnets eru að byggja það á árinu 2021. Fyrir liggur samþykkt tillaga að deiliskipulagi fyrir nýja tengivirkið dags. 24.4.2013. Á þeirri tillögu er gert ráð fyrir aðkomuvegi að nýja tengivirkinu frá Reykjanesbraut um ósnortið land.

Á fundi með Umhverfissviði Reykjanesbæjar, þann 16. desember 2019, reifaði Landsnet þá hugmynd að fresta lagningu vegar í samræmi við deiliskipulagið og nýta einhverja af þeim vegslóðum sem eru á svæðinu og liggja í nánd við fyrirhugað tengivirki. Fulltrúar Umhverfissviðs tóku vel í þessa hugmynd og þann 6. apríl 2020 sendi Gunnar Kr. Ottósson Landsneti þrjár tillögur að mögulegum aðkomuvegum að nýja tengivirkinu á Njarðvíkurheiði. Ein af tillögum Gunnars var að nýta vegslóð sem liggur frá Hafnarvegi (þjóðvegi nr. 44) um svokallað Patterson svæði að lóð fyrirhugaðs tengivirkis og líst Landsneti vel á þá tillögu. Sjá meðfylgjandi kort. Ef samþykki fæst fyrir þessum aðkomuvegi mun Landsnet einnig kynna málið fyrir Vegagerðinni og óska einnig eftir þeirra samþykki og leiðbeiningum.

Landsnet óskar hér með eftir heimild Reykjanesbæjar til þess að nýta núverandi vegslóð sem liggur um Patterson svæðið vegna framkvæmda við byggingu tengivirkis á Njarðvíkurheiði.

Virðingarfyllst, f.h. Landsnets hf.



Aðalsteinn Guðmannsson



REYKJANESHÖF

Hafnarvegur

Patterson völlur og
gamall Nato slóði

300m

©Loftmyndir 2020 | Myndir frá: 2019



Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja

Reykjanesbær
b.t. Gunnar Kr. Ottósson
Tjarnagata 12
230 Reykjanesbæ

Reykjanesbæ 29. júní 2020

Efni: Ósk Landsnets um að nýta óskráðan vegslóða sem liggur um Pattersonvöll í Reykjanesbæ til bráðabyrgða.

Með tilvísun í tölvupóst frá Gunnari kr. Ottósyni, skipulagsfylltrúa Reykjanesbæjar, þann 26. júní sl. hefur Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja hefur borist umsagnarbeiðni varðandi nýtingu Landsnets á vegslóða sem liggur um Pattersonvöll í Reykjanesbæ.

Vegslóðin er innan skilgreinds fjarsvæðis vatnsverndar og ber að gæta fyllstu varúðar og öryggis varðandi notkun vinnuvéla og tækjabúnaðar í nálægð við vatnsverndarsvæði.

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja gerir ekki athugasemdir um að Landsnet nýti vegslóðann sem bráðaábyrgðarúrræði að því gefnu að farið sé eftir skilyrðum og verklagsreglum embættisins fyrir jarðvinnu og vegagerð innan eða við vatnsverndarsvæði.

Tilkynna skal berast til Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja með viku fyrirvara um áætlaða umferð um vegslóðann og með viku fyrirvara um að umferð um vegslóðann ljúki.

Meðfylgjandi eru skilyrði, verklags- og umgengisreglur fyrir jarðvinnu og vegagerð innan svæðis vatnsverndar.

Virðingarfyllt,

J. Trausti Jónsson
heilbrigðisfulltrúi.

Skilyrði og verklagsreglur fyrir jarðvinnu og vegagerð innan vatnsverndarsvæðis eru eftirfarandi:

1. Viðbragðáætlun vegna mengunaróhappa skal vera til staðar og rækilega kynnt öllum starfsmönnum er starfa við framkvæmdina.
2. Verksali skal tilnefna ábyrgðamann(fulltrúa) sem annast samskipti við heilbrigðiseftirlitið á meðan á framkvæmdum stendur.
3. Allir bílar og öll tæki sem fara inná vatnsverndarsvæðið skulu vera skoðuð af viðurkenndum skoðunaraðila eftir því sem við á, s.s. Bifreiðaskoðun og Vinnueftirlit.
4. Skilgreint svæði fyrir eldsneytisáfyllingu, fleygskipti eða skipti annar tóla á tækjum sem gæti valdið leka á glussa skal útbúið þannig að olíuskiptadúkur skal grafin í jörðu. Dúkurinn skal vera lagður í dæld sem mótuð er úr sandi. Yfir dúknum skal vera amk. 50 cm þykkt sandlag. Svæðið skal hið minnsta vera 4*8m.
5. Við eldsneytisáfyllingu skal tæki fært á skilgreint áfyllingarsvæði og skal áfylling fara þar fram. Við áfyllingu skal olíuklútur minnst 30x30 cm með krossskurði í miðju settur utan um olíustút tækis.
6. Ef eldsneyti, glussi eða önnur olía fer niður í sand á skilgreindu svæði skal fjarlægja sandinn án tafar og koma honum í viðurkennda spilliefnamóttöku. Þá skal slíkt tilkynnt til heilbrigðiseftirlitsins.
7. Vélarolíuskipti og glussaskipti skulu skilyrðislaust framkvæmd utan vatnsverndarsvæðis.
8. Starfsmönnum sem starfa inn á vatnsverndarsvæði skulu vera kynntar verklagsreglur ásamt almennum öryggisreglum og viðbragðsáætlun. Verkstjóri verktaka skal fara yfir þessar reglur með starfsmönnum sínum áður en störf á vatnsverndarsvæði hefjast.
9. Verkstjóri á verkstað skal yfirfara vélar og tæki sem eru inn á vatnsverndarsvæðinu á tveggja vikna fresti og skoða þau með tilliti til leka. Fylgja skal gátlista við skoðun og merkja við þegar tiltekin atriði hafa verið skoðuð.
10. Leitast skal við eftir fremsta megni að olíumagn í eldsneytisáfyllingarbílum sem fara inná vatnsverndarsvæði verði takmarkað við magn sem á að dæla í hvert skipti.
11. Við hverja eldsneytisáfyllingu skal eftirlitsaðili frá verktaka fylgja áfyllingarbílnum eftir á öðrum bíl inn og út af svæðinu til að geta gripið til aðgerða ef óhapp verður. Sá aðili sem fylgir eldsneytisáfyllingarbílnum í hvert skipti skal hafa til taks nauðsynlegan mengunarvarnarbúnað s.s ísogsefni og hafa þekkingu á því hvernig bregðast skal við ef óhapp eða slys á sér stað.
12. Verksali skal kalla til Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja ef ófyrirséð vandamál er tengjast framkvæmdinni koma upp.
13. Tilkynning skal berast til Heilbrigðiseftirlitsins við verkbyrjun og minnst með viku fyrirvara um verklok.
14. Eintök af skilyrðum og verklagsreglum skulu ávallt vera tiltæk á vinnustað. Heilbrigðisnefnd getur endurskoðað skilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða skaðleg áhrif á umhverfi sem ekki voru ljós fyrir. Heilbrigðiseftirlitið getur stöðvað framkvæmdir eða umferð á svæðinu ef ákvæðum skilyrðanna er ekki fylgt eða ef rökstuddur grunur er um að öryggi vatnsverndar sé ógnað.

Reykjanesbær – Umhverfissvið
Gunnar K. Ottóson, skipulagsfulltrúi
Tjarnargata 12
230 Reykjanesbær

30. júní 2020

Efni: Umsögn fyrir bráðabirgða aðkomuveg að nýju tengivirki á Njarðvíkurheiði um land ríkisins.


Þróunarfélagi Keflavíkurflugvallar ehf. (Kadeco) barst erindi frá Reykjanesbæ þann 26. júní sl. þar sem óskað var umsagnar um erindi Landsnets vegna bráðabirgða aðkomu yfir ríkisland, Pattersonvöll og óskráða slóða, að fyrirhuguðu tengivirki sem Landsnet áformar að byggja á árinu 2021.

Kadeco fer með, í umboði ríkisins, umsýslu og þróun á starfssvæði svokallaðs C-svæðis samkvæmt lögum nr. 176 frá 2006. Tengivirki það sem Landsnet áformar að byggja á Njarðvíkurheiði fellur að hluta innan starfssvæðis Þróunarfélagsins.

Kadeco setur sig ekki á móti bráðabirgða afnotum Landsnets af vegslóðum við Patterson og að fyrirhuguðu tengivirki. Ljóst er að þessi aðkoma að tengivirkinu er bráðabirgða og mun vera leyst af með aðkomuvegi frá Reykjanesbraut í náninni framtíð.

Landsneti er því heimilt að nýta vegslóða á landi ríkisins um Patterson og vegslóða þar um sem bráðabirgða aðkomu að fyrirhuguðu tengivirki á Njarðvíkurheiði.

Fyrir hönd Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf.



Pálmi Freyr Randversson, framkvæmdastjóri